

## Öldungaráð

Ár 2023, miðvikudaginn 8. nóvember var haldinn 81. fundur öldungaráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.07. Fundinn sátu Sara Björg Sigurðardóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir, og Þorkell Sigurlaugsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Unnur Þöll Benediktsdóttir, Eva Kristín Hreinsdóttir og Árni Gunnarsson. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir og Anna Sigrún Baldursdóttir. Guðný Bára Jónsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning félags- og vinnumarkaðsráðuneytis á Gott að eldast, aðgerðaráætlun á þjónustu við eldra fólk 2023-2027. MSS23010166

Öldungaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Öldungaráð þakkar kærlega fyrir kynningu á verkefninu Gott að eldast. Það er gleðilegt að sjá vilja ríkistjórnarinnar vinna þetta mikilvæga mál áfram. Í málaflöknum eru margvíslegar áskoranir eins og mönnun og fjölgun eldra fólks sem kallar á meiri og fjölbreyttari lausnir við þjónustu. Ráðið þakkar einnig fyrir tækifærið til að koma sínum athugasemdum á framfæri við verkefnahópinn. Í aðgerðaráætluninni má finna ýmsar aðgerðir sem byggja á útfærslu á þjónustuúrræðum Reykjavíkurborgar og gleðilegt hve borgin er leiðandi í þjónustu við eldra fólk og því eftirsóknarvert að læra af reynslu borgarinnar. Við fylgjumst grannt með framgangi þess og því kærkomið að fá svona kynningu á stöðunni.

Berglind Magnúsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 16. október 2023, þar sem óskað er umsagnar öldungaráðs á skýrslu vöggustofunefndar á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins. Jafnframt er lögð fram umsögn öldungaráðs dags. 8. nóvember 2023 til samþykktar. MSS23090194  
Samþykkt.

Öldungaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Vill Öldungaráð þakka fimmmenningum, þeim Árna H. Kristjánssyni, Fjölni Geir Bragasyni, Hrafni Jökulssyni, Tómasi V. Albertssyni og Viðari Eggertssyni, fyrir frumkvæðið af rannsókninni. Skýrslan er mikilvæg staðfesting á staðreyndum sem áttu sér stað í skjóli borgaryfirvalda og því tekur öldungaráð heilshugar undir ályktun borgarstjórnar frá 17. október s.l. og biður þau börn sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og fjölskyldur þeirra innilegrar afsökunar á illri meðferð, vanrækslu og því óréttlæti sem þau urðu fyrir og sem lýst er í skýrslu vöggustofunefndar. Mikilvægt er að vanda til verka við næstu skref og styður ráðið þær fyrirætlanir borgaryfirvalda að veita fyrrum vöggustofubörnum bæði geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu sem og mögulegar sanngirnissætur.

Þorsteinn Gunnarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**Fundi slitið kl. 11:45**

Unnur Þöll Benediksdóttir  
Eva Kristín Hreinsdóttir  
Þorkell Sigurlaugsson

Sara Björg Sigurðardóttir

Ingibjörg Sverrisdóttir  
Árni Gunnarsson  
Ingibjörg Óskarsdóttir